

TILSKIPUN Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024

frá 20. júní 2019

um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera

(endurútgefin)

EVROPUBINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB (3) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar sem gera á frekari breytingar ætti að endurútgefa þá tilskipun til glöggvunar.
- 2) Samkvæmt 13. gr. tilskipunar 2003/98/EB og fimm árum eftir samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB (4), sem breytti tilskipun 2003/98/EB, mat framkvæmdastjórnin og endurskoðaði framkvæmd tilskipunar 2003/98/EB innan ramma áætlunarinnar um markvissa og skilvirka löggjöf, að höfðu samráði við viðkomandi hagsmunaaðila.
- 3) Eftir samráð við hagsmunaaðila og í ljósi niðurstöðu áhrifamatsins taldi framkvæmdastjórnin að aðgerða væri þörf á vettvangi Sambandsins til að takast á við eftirstandandi og nýjar hindranir sem standa í vegi greiðrar endurnotkunar á upplýsingum frá hinu opinbera og upplýsinga sem eru fjármagnaðar af hinu opinbera innan Sambandsins, til að uppfæra lagarammann til samræmis við framfarir í stafrænni tækni og til að örva frekar stafræna nýsköpun, einkum að því er varðar gervigreind.
- 4) Þær umtalsverðu breytingar sem innleiddar eru í lagatextann í því skyni að fullnýta þau tækifæri sem felast í upplýsingum frá hinu opinbera fyrir evrópskt hagkerfi og samfélag ættu að leggja áherslu á eftirfarandi: að veita aðgang í rauntíma að kvikum gögnum (e. dynamic data) með viðeigandi tæknilegum úrræðum, að auka framboð verðmætra opinberra gagna til endurnotkunar, þ.m.t. frá opinberum fyrirtækjum, stofnunum sem framkvæma rannsóknir og stofnunum sem fjármagna rannsóknir, að takast á við tilurð nýrra tegunda einkanyntjafyrirkomulaga, notkun undanþága frá meginreglunni um gjaldtöku jaðarkostnaðar og sambandið milli þessarar tilskipunar og tiltekinna tengdra lagagerninga, þ.m.t. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (5) og tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB (6), 2003/4/EB (7) og 2007/2/EB (8).

(1) Stjtið. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 238.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 4. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 6. júní 2019.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB frá 26. júní 2013 um breytingu á tilskipun 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtið. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 1).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögvæðing gagnagrunna (Stjtið. ESB L 77, 27.3.1996, bls. 20).

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EEB (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

(8) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls.1).

- 5) Aðgangur að upplýsingum telst til grundvallarréttinda. Í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum um grundvallarréttindi“) er kveðið á um að sérhver maður eigi rétt til tjáningarfrelsis, þ.m.t. er frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda.
- 6) Í 8. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi er tryggður rétturinn til verndar persónuupplýsingum og kveðið á um að unnið skuli úr slíkum upplýsingum með sanngjörnum hætti, í yfirlýstum tilgangi og með samþykki hlutaðeigandi eða á einhverjum öðrum réttmætum grundvelli sem mælt er fyrir um í lögum og undir eftirliti óháðs yfirvalds.
- 7) Sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins kveður á um stofnun innri markaðar og kerfis sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum raskist ekki. Samræming á reglum og venjum aðildarríkjanna um hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.
- 8) Hið opinbera í aðildarríkjunum lætur safna, framleiða, fjölfalda og dreifa margvíslegum upplýsingum á ýmsum sviðum, s.s. á sviði félagsmála, stjórnsmála, efnahagsmála, lögfræði, landafræði, umhverfismála, veðurs, jarðskjálfta, ferðamála, viðskipta, einkaleyfa og menntamála. Gögn sem verða til hjá opinberum aðilum sem fara með framkvæmdavald, lög-gjafarvald eða dómsvald eru yfirgripsmikið, fjölbreytt og verðmætt safn heimilda sem geta leitt til ávinnings fyrir samfélagið. Að láta þessar upplýsingar í té, þ.m.t. kvik gögn, á rafrænu formi sem er almennt notað gerir borgurum og lögaðilum kleift að finna nýjar leiðir til að nýta þær og skapa nýjar og nýskapandi vörur og þjónustu. Í viðleitni sinni til að gera gögn auðveldlega aðgengileg til endurnotkunar kunna aðildarríki og opinberir aðilar að geta notið góðs af og fengið viðeigandi fjárstuðning frá viðeigandi sjóðum og áætluðum Sambandsins sem mun tryggja víðtæka notkun stafrænnar tækni eða stafræna umbreytingu opinberrar stjórnsýslu og opinberrar þjónustu.
- 9) Upplýsingar frá hinu opinbera eru sérstök gagnalind sem getur stuðlað að því að bæta innri markaðinn og að þróun nýrra forrita fyrir neytendur og lögaðila. Skynvædd notkun gagna, þ.m.t. vinnsla þeirra með gervigreindarforritum, getur haft umbreytandi áhrif á allar greinar atvinnulífsins.
- 10) Með tilskipun 2003/98/EB voru settar lágmarksreglur um endurnotkun og hagnýtt fyrirkomulag til að auðvelda endurnotkun gagna sem til eru og eru í vörslu opinberra aðila í aðildarríkjunum, þ.m.t. hjá aðilum sem fara með framkvæmdavald, lög-gjafarvald eða dómsvald. Frá því að fyrstu reglurnar um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera voru samþykktar hefur orðið margföld aukning gagnamagns í heiminum, þ.m.t. opinberra gagna, og nýjar tegundir gagna eru að verða til og þeim safnað. Jafnframt er stöðug þróun á sviði tækni til greiningar, nýtingar og vinnslu gagna, t.d. vélrænt nám, gervigreind og net hlutanna. Þessi hraða tækniþróun gerir kleift að búa til nýja þjónustu og ný forrit, sem byggjast á notkun, söfnun eða samsetningu gagna. Reglurnar, sem upphaflega voru samþykktar 2003 og breytt var 2013, eru ekki lengur í takt við þessar öru breytingar og þar af leiðandi er hætta á að þau efnahagslegu og félagslegu tækifæri, sem felast í endurnotkun opinberra gagna, glattist.
- 11) Þróun í átt til gagnamiðaðs samfélags, þar sem gögn frá ólíkum sviðum og starfsemi eru notuð, hefur áhrif á líf allra borgara í Sambandinu með því, m.a., að færa þeim nýjar leiðir til aðgangs að þekkingu og þekkingaröflun.
- 12) Stafrænt efni gegnir mikilvægu hlutverki í þeirri þróun. Framleiðsla á slíku efni hefur stuðlað að örri atvinnusköpun á undanförmum árum og heldur sú þróun áfram. Flest þessara starfa verða til hjá sprotafyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- 13) Eitt af meginmarkmiðunum með því að koma á fót innri markaði er að skapa skilyrði sem stuðla að þróun á þjónustu og vörum innan alls Sambandsins og í aðildarríkjunum. Upplýsingar frá hinu opinbera eða upplýsingar sem er safnað, eru framleiddar, fjölfaldaðar og dreift innan ramma opinberra verkefna eða þjónustu í almannabágu, eru mikilvægur efniviður í vörur og þjónustu sem byggjast á stafrænu efni og verða

jafnvel enn mikilvægari uppspretta efnis eftir því sem háþrúð stafraen tækni, t.d. gervigreind, dreifð færsluskraartækni og net hlutanna, þróast. Viðtæk landfræðileg útbreiðsla yfir landamæri mun einnig skipta sköpum í þessu samhengi. Búið er við að auknir möguleikar á að endurnota slíkar upplýsingar geri m.a. öllum fyrirtækjum í Sambandinu, þ.m.t. örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem og borgaralegu samfélagi, kleift að hagnýta möguleika þeirra og stuðli að efnahagsþróun og að því að skapa og standa vörð um hágæðastörf, einkum í þágu nærsamfélaganna, og að mikilvægum samfélagslegum markmiðum eins og ábyrgð og gagnsæi.

- 14) Að heimila endurnotkun gagna sem eru í vörslu opinbers aðila færir endurnotendum, endanlegum notendum og samfélaginu öllu virðisauka og í mörgum tilvikum einnig opinbera aðilanum sjálfum, þar sem stuðlað er að gagnsæi og ábyrgð og vegna þess að frá endurnotendum og endanlegum notendum kemur endurgjöf sem gerir viðkomandi opinberum aðila kleift að auka gæði, jafnt þeirra upplýsinga sem safnað er og framkvæmdar verkefna sinna.
- 15) Verulegur munur er á reglum og venjum aðildarríkjanna um hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera og kemur hann í veg fyrir fulla nýtingu efnahagslegra möguleika þessarar mikilvægu gagnauppsprettu. Taka ætti tillit til þess að venja hjá opinberum aðilum varðandi hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera er áfram mismunandi milli aðildarríkja. Því ætti að stefna að lágmarkssamræmingu á innlendum reglum og venjum um endurnotkun gagna frá hinu opinbera þegar innlendar reglur og venjur eða skortur á skýrleika hindra snurðulausa starfsemi innri markaðarins og eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins í Sambandinu.
- 16) Hugtakið opin gögn er almennt túlkað sem gögn á opnu sniði sem hver sem er getur notað, endurnotað og deilt í hvaða tilgangi sem er. Opin gagnastefna, sem hvetur til greiðs aðgangs að og endurnotkunar á upplýsingum frá hinu opinbera, til einkanota eða í viðskiptaskyni, með litlum sem engum lagalegum, tæknilegum eða fjárhagslegum hömlum, og sem stuðlar að dreifingu upplýsinga, ekki aðeins til atvinnurekenda heldur fyrst og fremst til almennings, getur leikið veigamikil hlutverk í að stuðla að félagslegri þátttöku og hrint af stað og stuðlað að þróun nýrrar þjónustu sem byggist á nýstárlegum aðferðum við að setja saman og nýta slíkar upplýsingar. Aðildarríki eru því hvött til að stuðla að því, að því er varðar öll gögn sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, að gögn séu búin til á grundvelli meginreglunnar um að „innbyggt sé og sjálfgefið að þau séu opin“. Í því sambandi ættu þau að tryggja samræmda vernd markmiða um almannahagsmuni, s.s. almannaöryggis, þ.m.t. þar sem um er að ræða viðkvæmar upplýsingar sem tengjast vernd þýðingarmikilla grunnvirkja. Þau ættu einnig að tryggja vernd persónuupplýsinga, þ.m.t. þar sem upplýsingar í tilteknu gagnasetti fela ekki í sér hættu á að hægt sé að bera kennsl á eða benda á einstakling en séu upplýsingarnar sameinaðar öðrum tiltækum upplýsingum gæti það haft í för með sér slíka áhættu.
- 17) Án lágmarkssamræmingar á vettvangi Sambandsins gæti lagasetning á innlendum vettvangi, sem þegar er hafin í mörgum aðildarríkjanna til að koma til móts við þróun tækninnar, enn fremur leitt til þess að mismunurinn verði ennþá meiri. Áhrif slíks lagaósamræmis og réttaróvissu munu verða veigameiri eftir því sem upplýsingasamfélagið þróast, en það hefur þegar aukið verulega hagnýtingu upplýsinga yfir landamæri.
- 18) Aðildarríki hafa tekið upp stefnur um endurnotkun samkvæmt tilskipun 2003/98/EB og hafa sum þeirra samþykkt metnaðarfullar opnar gagnastefnur, sem ganga lengra en sú tilskipun mælir fyrir um, til að auðvelda borgurum og lögáðilum endurnotkun aðgengilegra opinberra gagna. Hætta er á að mismunandi reglur milli aðildarríkja hindri framboð á vörum og þjónustu yfir landamæri og komi í veg fyrir að hægt sé að endurnota sambærileg opinber gagnasett fyrir forrit á vettvangi Sambandsins sem byggjast á þeim. Því er þörf á lágmarkssamræmingu til að ákvarða hvaða opinber gögn eru aðgengileg til endurnotkunar á innri upplýsingamarkaðnum, í samræmi við og án þess að hafa áhrif á viðeigandi fyrirkomulag um aðgang, bæði almennt og sértækt, eins og skilgreint er í tilskipun 2003/4/EB. Ákvæði í lögum Sambandsins og landslögum sem ganga lengra en þessar lágmarksskröfur, einkum í tilfellum sérlaga, ættu að gilda áfram. Dæmi um ákvæði sem ganga lengra en lágmarkssamræming þessarar tilskipunar eru lægri viðmiðunarmörk fyrir leyfileg gjöld vegna endurnotkunar en þau sem kveðið er á um í þessari tilskipun eða leyfisveitingarskilmálar sem eru minna takmarkandi en þeir sem um getur í þessari tilskipun. Einkum hefur þessi tilskipun ekki áhrif á ákvæði sem ganga lengra en lágmarkssamræming þessarar tilskipunar eins og mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar sem samþykktar voru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB ⁽⁹⁾.

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæðra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta (Stjtið. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1).

- 19) Aðildarríki eru enn fremur hvött til að ganga lengra en lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun með því að láta kröfur hennar gilda um gögn í vörslu opinberra fyrirtækja sem tengjast starfsemi sem, samkvæmt 34. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ⁽¹⁰⁾, telst vera í beinni samkeppni. Aðildarríki geta einnig ákveðið að beita kröfum þessarar tilskipunar varðandi einkafyrirtæki, einkum þau sem veita þjónustu í almannabágu.
- 20) Setja þarf almennan ramma um skilyrði fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera til að tryggja að skilyrði fyrir endurnotkun slíkra upplýsinga séu sanngjörn, hófleg og án mismununar. Opinberir aðilar safna, framleiða, fjölfalda og dreifa gögnum við opinber störf sín. Opinber fyrirtæki safna, framleiða, fjölfalda og dreifa gögnum við veitingu þjónustu í almannabágu. Notkun slíkra gagna í öðrum tilgangi telst endurnotkun. Aðildarríkin geta gengið lengra í stefnum sínum en lágmarksstaðlarnir, sem settir eru í þessari tilskipun, og þannig heimilað víðtækari endurnotkun. Þegar þessi tilskipun er leidd í lög geta aðildarríki notað önnur hugtök en „gögn“ að því tilskildu að þau haldi fullu gildissviði skilgreiningarinnar á „gögnum“ sem sett er fram í þessari tilskipun.
- 21) Þessi tilskipun ætti að gilda um gögn, sem er á opinberu starfssviði hlutaðeigandi opinberra aðila að afhenda, eins og það er skilgreint í lögum eða öðrum bindandi reglum í aðildarríkjunum. Ef slíkar reglur eru ekki til staðar ætti að skilgreina opinbert starfssvið í samræmi við almenna stjórnsluvenju í aðildarríkjunum, að því tilskildu að gildissvið þess sé gagnsætt og háð endurskoðun. Opinbert starfssvið má skilgreina almennt eða fyrir einstaka opinbera aðila í hverju tilviki fyrir sig.
- 22) Þessi tilskipun ætti að gilda um gögn sem gerð eru aðgengileg til endurnotkunar þegar opinberir aðilar gefa út leyfi fyrir upplýsingum, selja, dreifa, skiptast á eða veita upplýsingar. Til að komast hjá víxlنيðurgreiðslum ætti endurnotkun að taka til frekari notkunar gagna innan stofnunarinnar sjálfrar vegna starfsemi sem fellur utan opinbers starfssviðs hennar. Dæmigerð starfsemi sem er utan opinbers starfssviðs nær til afhendingar gagna sem eru búin til og tekið er gjald fyrir eingöngu á viðskiptagrundvelli og í samkeppni við aðra á markaðinum.
- 23) Tilskipun þessi takmarkar ekki né hamlar framkvæmd lögboðinna verkefna opinberra yfirvalda og annarra opinberra aðila. Þessi tilskipun mælir fyrir um skyldu aðildarríkjana til að gera öll gögn sem til eru endurnotanleg, nema aðgangur að þeim sé takmarkaður eða útilokaður samkvæmt landsreglum um aðgang að gögnum eða með fyrirvara um aðrar undantekningar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Tilskipun þessi byggir á því fyrirkomulagi um aðgang sem fyrir er í aðildarríkjunum og hefur ekki áhrif á innlendar reglur um aðgang að gögnum. Hún gildir ekki í þeim tilvikum þar sem borgarar eða lögaðilar geta, samkvæmt gildandi fyrirkomulagi um aðgang, einungis fengið gögn með því að sýna fram á að þeir hafi sérstakra hagsmuna að gæta. Á vettvangi Sambandsins er, í 41. gr. um rétt til góðrar stjórnslu og í 42. gr. um rétt til aðgangs að gögnum í sáttmálanum um grundvallarréttindi, viðurkenndur réttur sérhvers borgara Sambandsins og sérhvers einstaklings eða lögaðila, sem hefur búsetu eða skráða skrifstofu í aðildarríki, til aðgangs að gögnum í vörslu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Hvetja ætti opinbera aðila til að gera öll gögn í vörslu sinni aðgengileg til endurnotkunar. Opinberir aðilar ættu að hvetja til og stuðla að endurnotkun gagna, þ.m.t. opinberra laga- og stjórnslutexta í þeim tilvikum sem opinberi aðilinn hefur rétt til að heimila endurnotkun þeirra.
- 24) Aðildarríki fela oft aðilum utan opinberra geirans þjónustustarfsemi í almannabágu en halda uppi ströngu eftirliti með slíkum aðilum. Á sama tíma gildir tilskipun 2003/98/EB aðeins um gögn í vörslu opinberra aðila en opinber fyrirtæki eru undanskilin gildissviði hennar. Þetta leiðir til lélegs aðgengis til endurnotkunar á gögnum sem verða til við framkvæmd þjónustu í almannabágu á ýmsum sviðum, einkum innan veitugeiranna. Þetta dregur einnig mikið úr möguleikum á því að stofnað sé til þjónustu yfir landamæri á grundvelli gagna í vörslu opinberra fyrirtækja sem veita þjónustu í almannabágu.
- 25) Því ætti að breyta tilskipun 2003/98/EB til að tryggja að hægt sé að beita henni varðandi endurnotkun fyrirliggjandi gagna, sem orðið hafa til við framkvæmd á þjónustu í almannabágu af hálfu opinberra fyrirtækja sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 8.–14. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, sem og opinberra

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

fyrirtækja sem starfa sem rekstraraðilar opinberrar þjónustu skv. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1370/2007 ⁽¹¹⁾, opinberra fyrirtækja sem starfa sem flugrekendur við að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu skv. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 ⁽¹²⁾ og opinberra fyrirtækja sem starfa sem skipaeigendur innan Bandalagsins við að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3577/92 ⁽¹³⁾.

- 26) Þessi tilskipun felur ekki í sér almenna skyldu til að heimila endurnotkun gagna sem verða til hjá opinberum fyrirtækjum. Það ætti áfram að vera ákvörðun hlutaðeigandi opinbers fyrirtækis hvort heimila skuli endurnotkun eða ekki, nema annars sé krafist í þessari tilskipun eða í lögum Sambandsins eða landslögum. Einungis eftir að opinbera fyrirtækið hefur gert gögn aðgengileg til endurnotkunar ber því að virða viðeigandi skyldur sem settar eru fram í III. og IV. kafla þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar snið, gjaldtöku, gagnsæi, leyfi, bann við mismunun og bann við einkanytja-fyrirkomulagi. Hins vegar ætti opinberum fyrirtækjum ekki að vera skylt að fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í II. kafla, t.d. reglunum sem gilda um afgreiðslu beiðna. Þegar endurnotkun gagna er heimilud ætti að veita sérstaka athygli viðkvæmum upplýsingum sem tengjast vernd þýðingarmikilla grunnvirkja, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 2008/114/EB ⁽¹⁴⁾ og nauðsynlegri þjónustu í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 ⁽¹⁵⁾.
- 27) Magn rannsóknargagna sem verða til er í veldisvexti og mögulegt er að endurnota þau víðar en í vísindasamfélaginu. Til að geta tekist á við vaxandi samfélagslegar áskoranir með skilvirkum og heildstæðum hætti hefur orðið mjög áriðandi og brýnt að geta haft aðgang að, blanda saman og endurnota gögn frá mismunandi heimildum sem og þvert á geira og greinar. Rannsóknargögn ná yfir tölfraðilegar upplýsingar, niðurstöður tilrauna, mælingar, athugasemdir sem aflað er vettvangsvinnu, niðurstöður kannana, upptökur viðtala og myndir. Þau taka einnig til lýsigagna, forskrifta og annarra stafrænna hluta. Rannsóknargögn eru ólík vísindagreinum sem greina frá og tjá niðurstöður vísindarannsókna. Í mörg ár hefur opið aðgengi og endurnotanleiki gagna úr vísindarannsóknum sem njóta opinberrar fjármögnunar verið viðfang tiltekinnu stefnufrumkvæða. Með opnum aðgangi er átt við það að veita endanlegum notanda aðgang að rannsóknarniðurstöðum á netinu, ókeypis og án annarra takmarkana á notkun og endurnotkun en þeirra að hægt er að krefjast þess að höfundar sé getið. Stefnur um opinn aðgang miða einkum að því að veita rannsakendum og öllum almenningi aðgang að rannsóknargögnum eins snemma og unnt er í dreifingarferlinu og að því að auðvelda notkun þeirra og endurnotkun. Opinn aðgangur stuðlar að auknum gæðum, dregur úr þörf á ónauðsynlegri tvítekingu rannsókna, flýtir fyrir framþróun vísinda, spornar gegn svikum í vísindum og getur almennt aukið hagvöxt og nýsköpun. Auk opins aðgangs stendur yfir lofsvert átak til að tryggja að skipulagning gagnastjórnunar verði stöðluð vísindaleg vinnubrögð og til að styðja við dreifingu rannsóknargagna sem eru finnanleg, aðgengileg, samvirkandi og endurnotanleg (FAIR-meginreglan).
- 28) Af framangreindum ástæðum þykir rétt að skylda aðildarríki til að samþykkja stefnur um opinn aðgang þegar um er að ræða rannsóknargögn sem hið opinbera fjármagnar og tryggja að allar stofnanir sem framkvæma rannsóknir og stofnanir sem fjármagna rannsóknir komi slíkum stefnum til framkvæmda. Stofnanir sem framkvæma rannsóknir og stofnanir sem fjármagna rannsóknir gætu einnig verið skipulagðar sem opinberir aðilar eða opinber fyrirtæki. Þessi tilskipun gildir einungis um slíkar blandaðar stofnanir að því er tekur til hlutverks þeirra sem stofnanir sem framkvæma rannsóknir og um rannsóknargögn þeirra. Stefnur um opinn aðgang heimila yfirleitt ýmsar undanþágur frá opnu aðgengi að vísindarannsóknum. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 25. apríl 2018 um aðgang að vísindalegum upplýsingum og varðveislu þeirra lýsa m.a. viðeigandi þáttum stefna um opinn aðgang. Enn fremur ætti að bæta skilyrðin fyrir því að endurnota megi tiltekin rannsóknargögn. Því ætti að vikka út tilteknar skyldur sem leiðir af þessari tilskipun svo þær nái til rannsóknargagna sem eru afrakstur vísindarannsóknarstarfsemi sem niðurgreidd er með opinberu fé eða fjármögnuð sameiginlega af opinberum aðilum og einkaaðilum. Samkvæmt landsbundnum stefnum um opinn aðgang ætti að vera sjálfgefið að rannsóknargögn sem hið opinbera fjármagnar séu opin. Í þessu

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 (Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

⁽¹³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó) (Stjtið EB. L 364, 12.12.1992, bls. 7).

⁽¹⁴⁾ Tilskipun ráðsins 2008/114/EB frá 8. desember 2008 um að greina og tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að efla vernd þeirra (Stjtið. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 75).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 frá 6. júlí 2016 varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu (Stjtið. ESB L 194, 19.07.2016, bls. 1).

samhengi ber þó að taka tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða á borð við friðhelgi einkalífs, vernd persónuupplýsinga, trúnaðarkvöð, þjóðaröryggi, lögmæta viðskiptahagsmuni, s.s. viðskiptaleyndarmál, og hugverkarétt þriðju aðila í samræmi við meginregluna „eins opið og unnt er, eins lokað og nauðsyn krefur.“ Enn fremur ætti þessi tilskipun ekki að taka til rannsóknargagna sem ekki er aðgangur að vegna þjóðaröryggis, varnarmála eða almannaoöryggis. Í því skyni að koma í veg fyrir stjórnslubyrði ættu skyldur sem leiðir af þessari tilskipun einungis að eiga við um þau rannsóknargögn sem vísindamenn, stofnanir sem framkvæma rannsóknir eða stofnanir sem fjármagna rannsóknir hafa þegar gert öllum aðgengileg í gegnum gagnasafn stofnunar eða gagnasafn á tilteknu sviði og ættu ekki að hafa í för með sér aukinn kostnað af að sækja gagnasettin eða krefjast viðbótarumsjónar með gögnum. Aðildarríki geta rýmkað gildissvið þessarar tilskipunar svo hún taki til rannsóknargagna sem gerð eru aðgengileg öllum í gegnum aðra gagnainnviði en gagnasöfn, í gegnum útgáfur með opinn aðgang, sem skrá í viðhengi við grein, gagnagrein eða sem grein í gagnatímariti. Önnur gögn en rannsóknargögn ættu áfram að vera undanskilin gildissviði þessarar tilskipunar.

- 29) Skilgreiningin á „opinber aðili“ byggir á skilgreiningu í 1. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ⁽¹⁶⁾. Skilgreiningin á „aðila sem heyrir undir opinberan rétt“ sem sett er fram í þeirri tilskipun og skilgreiningin á „opinberu fyrirtæki“ sem sett er fram í tilskipun 2014/25/ESB ættu að gilda um þessa tilskipun.
- 30) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um skilgreiningu á hugtakinu „gögn“ og ætti sú skilgreining að taka til sérhvers hluta gagna. Hugtakið „gögn“ ætti að taka til allrar birtingar á aðgerðum, staðreyndum eða upplýsingum – og hvers kyns samantektar á slíkum aðgerðum, staðreyndum eða upplýsingum – á hvaða miðli sem er (á pappír eða á rafrænu formi eða sem hljóðupptaka, myndupptaka eða hljóðmyndræn upptaka). Skilgreiningunni „gögn“ er ekki ætlað að taka til tölvuforrita. Aðildarríki geta rýmkað gildissvið þessarar tilskipunar svo hún taki til tölvuforrita.
- 31) Opinberir aðilar eru í auknum mæli að gera gögn sín aðgengileg til endurnotkunar með forvirkum hætti, með því að tryggja að gögn og tengd lýsigögn séu finnanleg á netinu og raunverulega tiltæk á opnu sniði sem er tölvulæsilegt og sem tryggir samvirkni, endurnotkun og aðgengileika. Einnig ætti að gera gögn aðgengileg til endurnotkunar að fenginni beiðni frá endurnotanda. Í þeim tilfellum ætti fresturinn til að svara beiðnum um endurnotkun að vera sanngjarn og í samræmi við samsvarandi frest vegna beiðna um aðgang að gögnunum samkvæmt viðkomandi fyrirkomulagi um aðgang. Opinber fyrirtæki, menntastofnanir, stofnanir sem framkvæma rannsóknir og stofnanir sem fjármagna rannsóknir ættu hins vegar að vera undanskilin þessari kröfu. Sanngjarn frestur í gjörvöllu Sambandinu mun stuðla að því að til verði nýjar samsettar upplýsingavörur og -þjónusta á vettvangi Sambandsins. Þetta er einkum mikilvægt að því er varðar kvik gögn, (þ.m.t. umhverfisgögn, umferðargögn, gervihnattagögn, veðurgögn og gögn sem aflað er með skynjurum), en efnahagsgildi þeirra byggist á því að upplýsingarnar séu tiltækar þegar í stað og uppfærðar reglulega. Kvik gögn ættu því að vera aðgengileg um leið og þeim hefur verið safnað eða, ef um er að ræða handvirka uppfærslu, tafarlaust eftir að gagnasettinu hefur verið breytt, í gegnum forritaskil (API), til að stuðla að þróun forrita á netinu, fyrir fartæki og í skýi, sem byggja á slíkum gögnum. Ef tæknilegar eða fjárhagslegar hömlur útiloka það ættu opinberir aðilar að gera gögnin aðgengileg innan tímaramma sem gerir kleift að nýta efnahagslega möguleika þeirra til fulls. Gera ætti sérstakar ráðstafanir til að aflétta viðkomandi tæknilegum og fjárhagslegum hömlum. Ef um er að ræða leyfi getur hluti af skilmálum leyfisins verið þess efnis að gögnin séu aðgengileg innan tiltekinna tímamarka. Ef sannprófun á gögnum er nauðsynleg vegna almannahagsmuna, einkum lýðheilsu og almannaoöryggis, ætti að gera kvik gögn aðgengileg um leið og þau hafa verið sannprófuð. Slík nauðsynleg sannprófun ætti ekki að hafa áhrif á tíðni uppfærslanna.
- 32) Til að fá aðgang að gögnunum sem opnað er fyrir endurnotkun á með þessari tilskipun væri gagnlegt að tryggja aðgengi að kvikum gögnum um vel hönnuð forritaskil. Forritaskil eru safn af aðgerðum, aðferðum, skilgreiningum og samskiptareglum fyrir samskipti milli véla og hnökralaus gagnaskipti. Forritaskil ættu að vera studd skýrum tæknigögnum sem eru ítarleg og aðgengileg á netinu. Nota ætti opin forritaskil þegar unnt er. Beita ætti stöðluðum samskiptareglum, sem viðurkenndar eru af Sambandinu eða alþjóðlega, og alþjóðlegum stöðlum fyrir gagnasett eftir atvikum. Forritaskil geta verið misflókin og geta verið einföld tenging við gagnagrunn til að sækja tiltekin gagnasett, vefviðmót eða flóknari uppsetning. Almenn verðmæti eru falin í því að endurnota og deila gögnum með viðeigandi notkun forritaskila þar eð slíkt mun aðstoða þróunaraðila og sprotafyrirtæki við að skapa nýja þjónustu og vörur. Slíkt er einnig afgerandi þáttur í að skapa verðmæt vistkerfi í kringum gagnaeignir sem oft eru ónotaðar. Uppsetning og notkun á forritaskilum þarf að byggjast á nokkrum meginreglum sem eru aðgengi, stöðugleiki, viðhald á

⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

lífsferlinum, samræmi í notkun og stöðlum, notendavænleiki og öryggi. Opinberir aðilar og opinber fyrirtæki ættu að gera kvik gögn, þ.e. gögn sem eru oft uppfærð, iðulega í rauntíma, aðgengileg til endurnotkunar um leið og þeim hefur verið safnað, í gegnum viðeigandi forritaskil og, þar sem við á með magnniðurhali, nema í þeim tilvikum þar sem slíkt hefði í för með sér óhóflega fyrirhöfn. Við mat á því hve mikil fyrirhöfnin væri ætti að taka tillit til stærðar opinbera aðilans eða opinbera fyrirtækisins sem um er að ræða og fjárhagsáætlunar hans eða þess fyrir rekstur.

- 33) Hægt er að bæta möguleika til endurnotkunar með því að takmarka þörfina á að færa gögn á pappír yfir á stafrænt form eða vinna stafrænar skrár til að gera þær innbyrðis samhæfðar. Því ættu opinberir aðilar að gera gögn aðgengileg á sniði eða tungumáli sem til er, með rafrænum hætti þar sem það er mögulegt og við á. Opinberir aðilar ættu að bregðast með jákvæðum hætti við beiðnum um útdrætti úr gögnum sem fyrir eru þegar það felur í sér einungis einfalda aðgerð að verða við slíkri beiðni. Opinberum aðilum ber hins vegar ekki skylda til að gera útdrátt úr skjali eða breyta sniði umbeðinna upplýsinga þegar slíkt hefur óhóflega fyrirhöfn í för með sér. Til að auðvelda endurnotkun ættu opinberir aðilar að gera eigin gögn aðgengileg á sniði sem, eftir því sem mögulegt er og við á, er ekki háð notkun tiltekins hugbúnaðar. Ef unnt er og eftir því sem við á ættu opinberir aðilar að taka tillit til möguleika fatlaðs fólks á því að endurnota gögn og að það sé gert í þeirra þágu með því að veita upplýsingarnar á aðgengilegu formi í samræmi við kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 ⁽¹⁷⁾.
- 34) Til að greiða fyrir endurnotkun ættu opinberir aðilar, ef unnt er og við á, að gera gögn, þ.m.t. þau sem birt eru á vefsetrum, aðgengileg á opnu og tölvulæsilegu sniði ásamt lýsigögnum þeirra, með mestu mögulegu nákvæmni og sundurgreinanleika (e. granularity), á sniði sem tryggir samvirkni, t.d. með því að vinna gögnin í samræmi við meginreglur um samrýmanleika- og nothæfiskröfur til landupplýsinga samkvæmt tilskipun 2007/2/EB.
- 35) Gögn ætti að teljast vera á tölvulæsilegu sniði ef þau hafa skráasnið sem er þannig skipað að notkunarhugbúnaður geti auðveldlega borið kennsl á, þekkt aftur og dregið sértæk gögn úr þeim. Gögn sem komið er fyrir í skráum sem hafa tölvulæsilegt snið ættu að teljast tölvulæsileg gögn. Tölvulæsileg snið geta verið opin eða séreignasnið. Um formlega staðla getur verið að ræða eða ekki. Gögn á skráasniði sem takmarkar sjálfvirka vinnslu vegna þess að ekki er unnt eða erfitt er að draga gögn úr sniðinu ættu ekki að teljast vera tölvulæsileg. Aðildarríki ættu, ef unnt er og ef við á, að hvetja til notkunar opinna tölvulæsilegra sniða sem eru viðurkennd af Sambandinu eða alþjóðlega viðurkennd. Taka ætti tillit til evrópskrar umgjarðar samvirkni, eftir atvikum, við hönnun tæknilausna fyrir endurnotkun gagna.
- 36) Gjöld fyrir endurnotkun gagna eru veigamikil aðgangshindrun að markaði fyrir sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki. Því ætti að gera gögn aðgengileg til endurnotkunar án endurgjalds og, þar sem gjaldtaka er nauðsynleg, ætti hún að meginreglu til að takmarkast við jaðarkostnað. Ef opinberir aðilar framkvæma, annað hvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt landslögum, sérstaklega umfangsmikla leit að umbeðnum upplýsingum eða mjög kostnaðarsamar breytingar á sniði umbeðinna upplýsinga getur jaðarkostnaður náð yfir kostnað sem tengist slíkri starfsemi. Í undantekningartilvikum ætti að taka tillit til nauðsynjar þess að hindra ekki eðlilega starfsemi opinberra aðila sem er skylt að afla tekna til að standa straum af verulegum hluta þess kostnaðar sem tengist opinberu starfssviði þeirra. Þetta gildir líka ef opinber aðili hefur gert gögn aðgengileg sem opin gögn en er skylt að afla tekna til að standa straum af verulegum hluta þess kostnaðar sem tengist framkvæmd annarra opinberra verkefna hans. Þá ætti einnig að viðurkenna hlutverk opinberra fyrirtækja í efnahagsumhverfi þar sem ríkir samkeppni. Í slíkum tilvikum ættu opinberir aðilar og opinber fyrirtæki því að geta sett upp gjald sem er hærra en jaðarkostnaður. Gjöld þessi ætti að ákveða samkvæmt hlutlægum, gagnsæjum og sannprófanlegum viðmiðunum og skulu heildartekjur af að láta í té og heimila endurnotkun gagna ekki fara fram úr kostnaði við söfnun og framleiðslu, þ.m.t. kaup frá þriðja aðila, fjölföldun, viðhald, geymslu

⁽¹⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki (Stjttíð. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1).

og dreifingu auk sanngjarnrar arðsemi af fjárfestingunni. Eftir atvikum ætti einnig að vera mögulegt að taka með í reikninginn kostnað við að gera persónuupplýsingar nafnlausar og kostnað við gerð ráðstafana til að vernda trúnað gagna. Aðildarríki geta gert kröfu um að opinberir aðilar og opinber fyrirtæki greini frá þessum kostnaði. Krafa um að afla tekna til að standa straum af verulegum hluta þess kostnaðar opinberra aðila sem tengist opinberu starfssviði þeirra eða umfangi þjónustu í almannabágu sem falin er opinberum fyrirtækjum, þarf ekki að vera lagaskilyrði en getur t.d. leitt af stjórn-sýsluvenjum í aðildarríkjunum. Aðildarríkin ættu að endurmeta slíka kröfu reglubundið.

- 37) Skilja má arðsemi fjárfestinga sem hlutfall, umfram jaðarkostnað, sem gerir kleift að endurheimta fjármagnskostnað og felur í sér raunávöxtun. Þar sem fjármagnskostnaður er nátengdur vöxtum lánastofnana, sem sjálfir byggja á föstum vöxtum Seðlabanka Evrópu (ECB) á skammtímalánafyrirgreiðslur, ætti sanngjörn arðsemi fjárfestinga ekki að vera meira en 5% yfir föstum vöxtum Seðlabanka Evrópu.
- 38) Bókasöfn, þ.m.t. háskólabókasöfn, söfn og skjalasöfn ættu að geta innheimt gjald yfir jaðarkostnaði svo að ekki verði hindranir á eðlilegri starfsemi þeirra. Þegar um slíka opinbera aðila er að ræða ættu heildartekjur af að láta í té og leyfa endurnotkun gagna á viðeigandi uppgjörstímabili ekki að fara fram úr kostnaði við söfnun, framleiðslu, fjölföldun, dreifingu, varðveislu og réttindaleyfi auk sanngjarnrar arðsemi af fjárfestingunni. Eftir atvikum ætti einnig að taka með í reikninginn kostnað við að gera persónuupplýsingar eða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar nafnlausar. Að því er varðar bókasöfn, þ.m.t. háskólabókasöfn, söfn og skjalasöfn er, með hliðsjón af sérkennum þeirra, hægt að taka tillit til verðlagningar á endurnotkun samskonar eða svipaðra gagna í einkageiranum þegar sanngjörn arðsemi af fjárfestingunni er reiknuð út.
- 39) Efri mörk gjalda, sem eru sett í þessari tilskipun, hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að innheimta lægri gjöld eða engin gjöld.
- 40) Aðildarríkin ættu að setja viðmiðanir fyrir gjaldtöku yfir jaðarkostnaði. Þau ættu t.d. að geta mælt fyrir um slíkar viðmiðanir í innlendum reglum eða tilnefnt einn eða fleiri viðeigandi aðila, aðra en sjálfan opinbera aðilann, sem eru til þess bærir að setja slíkar viðmiðanir. Skipulag slíks aðila ætti að vera í samræmi við lög og stjórnskipun aðildarríkjanna. Hann getur verið starfandi aðili með framkvæmdarvald á sviði fjárlaga og pólitíska ábyrgð.
- 41) Ein af forsendunum fyrir þróun upplýsingamarkaðar innan alls Sambandsins er að tryggja að skilyrði fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera séu skýr og aðgengileg almenningi. Því ætti að gera mögulegum endurnotendum skýra grein fyrir öllum gildandi skilyrðum fyrir endurnotkun gagna. Í því skyni að stuðla að og greiða fyrir beiðnum um endurnotkun ættu aðildarríkin að hvetja til þess að gerðar verði atriðisorðaskrár sem eru aðgengilegar á netinu og taka til þeirra gagna sem eru aðgengileg. Gera ætti umsækjendum um endurnotkun gagna, sem eru í vörslu annarra aðila en opinberra fyrirtækja, menntastofnana, stofnana sem framkvæma rannsóknir og stofnana sem fjármagna rannsóknir, grein fyrir þeim leiðum til úrlausnar sem þeir hafa varðandi ákvarðanir eða venjur sem hafa áhrif á þá. Þetta er einkum mikilvægt fyrir sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki sem óvíst er að þekki til samskipta við opinbera aðila í öðrum aðildarríkjum og leiða þeirra til úrlausnar.
- 42) Á meðal leiða til úrlausnar ætti að vera möguleiki á endurskoðun af hálfu óhlutdrægs endurskoðunaraðila. Sá aðili getur verið innlent yfirvald, sem þegar er fyrir hendi, s.s. landsbundið samkeppnisyfirvald, eftirlitsyfirvaldið sem komið var á fót í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679, landsbundið gagnaadgangsfyrirvald eða innlendir dómstóll. Skipulag slíks aðila ætti að vera í samræmi við lög og stjórnskipun aðildarríkja. Að leita aðstoðar slíks aðila ætti ekki að hafa áhrif á aðrar leiðir til úrlausna sem standa til boða þeim sem sækja um að fá að endurnota gögn. Hann ætti þó að vera aðskilinn frá því fyrirkomulagi aðildarríkjanna sem annast setningu viðmiðana fyrir gjaldtöku sem er yfir jaðarkostnaði. Á meðal leiða til úrlausnar ætti að vera möguleiki á endurskoðun á synjun beiðna en einnig á ákvörðunum sem að vísu leyfa endurnotkun en geta þó haft áhrif á umsækjendur af öðrum ástæðum, einkum með tilliti til gjaldtökureglanna. Endurskoðunarferlið ætti að ganga hratt fyrir sig, í samræmi við þarfir ört breytilegs markaðar.
- 43) Birting allra gagna í vörslu hins opinbera sem eru almenningi aðgengileg – sem varða ekki einungis pólitíska ferlið heldur einnig laga- og stjórnsýsluferlið – er grundvallartæki til að vikka út réttinn til þekkingar, sem er ein af grundvallarreglum lýðræðis. Það markmið gildir um stofnanir á öllum stjórnsýslustigum, hvort sem er á staðar-, lands- eða alþjóðavísu.

- 44) Endurnotkun gagna ætti ekki að vera háð skilyrðum. Í sumum tilvikum, sem almannahagsmunir réttlæta, kann þó leyfi að vera veitt með skilyrðum varðandi endurnotkun sem leyfishafa eru sett og taka til atriða eins og skaðabótaábyrgðar, verndar persónuupplýsinga, réttar notkunar gagnanna sem tryggir að þeim sé ekki breytt og að uppruna þeirra sé getið. Ef opinberir aðilar gefa út leyfi til endurnotkunar gagna ættu skilyrðin fyrir leyfinu að vera hlutlæg, hófleg og án mismununar. Stöðluð leyfi sem eru aðgengileg á netinu geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki í þessu tilliti. Því ættu aðildarríkin að sjá til þess að stöðluð leyfi séu tiltæk. Hverskonar leyfi fyrir endurnotkun á upplýsingum frá hinu opinbera ætti ávallt að setja eins fáar takmarkanir á endurnotkunina og unnt er, t.d. takmarka þær við kröfuna um að tilgreina heimild. Opin leyfi í formi staðlaðra opinberra leyfa sem eru aðgengileg á netinu og sem heimila hverjum sem er að hafa frjálsan aðgang að, nota, breyta og deila gögnum og efni í hvaða tilgangi sem er og sem byggjast á opnum gagnasniðum ættu einnig að gegna mikilvægu hlutverki í þessu tilliti. Aðildarríkin ættu því að hvetja til notkunar opinna leyfa sem með tímanum ætti að verða að almennri venju alls staðar í Sambandinu. Með fyrirvara um kröfur um bótaábyrgð sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins eða landslögum má heimila opinberum aðila eða opinberu fyrirtæki, sem gerir gögn aðgengileg til endurnotkunar án nokkurra annarra skilyrða eða takmarkana, að afsala sér allri ábyrgð að því er varðar gögnin sem gerð eru aðgengileg til endurnotkunar.
- 45) Ákveði lögbært yfirvald að tiltekin gögn verði ekki lengur aðgengileg til endurnotkunar eða að hætta að uppfæra þau ætti það að auglýsa þessar ákvarðanir opinberlega, við fyrsta tækifæri, með rafrænum hætti eftir því sem unnt er.
- 46) Skilyrði fyrir endurnotkun ættu ekki að fela í sér mismunun að því er varðar sambærilega flokka endurnotkunar. Í þessu tilliti ætti bann við mismunun t.d. ekki að koma í veg fyrir að opinberir aðilar skiptist á upplýsingum án endurgjalds vegna opinberra verkefna, þó svo að gjald sé tekið af öðrum aðilum vegna endurnotkunar sömu gagna. Þetta ætti ekki heldur að koma í veg fyrir að samþykkt verði aðskilin gjaldtökustefna eftir því hvort endurnotkunin er í viðskiptaskyni eða ekki viðskiptalegs eðlis.
- 47) Aðildarríki ættu einkum að tryggja að endurnotkun á gögnum opinberra fyrirtækja hafi ekki í för með sér röskun á markaði og að ekki sé grafið undan sanngjarnri samkeppni.
- 48) Opinberir aðilar ættu að fara að samkeppnisreglum Sambandsins og einstakra aðildarríkja við setningu meginreglna um endurnotkun gagna og forðast eins og mögulegt er gerð einkaréttarsamninga við einkaaðila. Hins vegar kann einkaréttur á endurnotkun sérstakra gagna frá hinu opinbera stundum að vera nauðsynlegur í því skyni að veita þjónustu í almannabágu er hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Þetta getur gilt ef enginn atvinnuútgefandi myndi gefa upplýsingar út án slíks einkaréttar. Í þessu sambandi er rétt að taka tillit til opinberra þjónustusamninga sem eru undanþegnir gildissviði tilskipunar 2014/24/ESB skv. 11. gr. þeirrar tilskipunar og nýsköpunarsamstarfs eins og um getur í 31. gr. tilskipunar 2014/24/ESB.
- 49) Til eru mörg dæmi um samstarfsfyrirkomulag milli bókasafna, þ.m.t. háskólabókasafna, safna og skjalasafna og einkaaðila sem tekur til stafvæðingar menningarverðmæta þar sem einkaaðilum er veittur einkaréttur. Reynslan sýnir að slík samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila geta greitt fyrir þýðingarmikilli notkun á menningarlegum safnkosti og jafnframt flýtt fyrir því að almenningur fái aðgang að menningararfleifðinni. Því er viðeigandi að taka tillit til núverandi mismunar á stafvæðingu menningarverðmæta milli aðildarríkja með sértækum reglubálki sem varðar samninga um stafvæðingu slíkra verðmæta. Ef einkaréttur varðar stafvæðingu menningarverðmæta kann tiltekið einkaréttartímabil að vera nauðsynlegt til að gefa einkaaðilanum möguleika á að endurheimta fjárfestingu sína. Það tímabil ætti þó að takmarkast við eins stuttan tíma og unnt er, til að fara að þeirri meginreglu að opinbert efni sem ekki nýtur lengur höfundarverndar skuli áfram ekki njóta höfundarverndar eftir stafvæðingu þess. Gildistími einkaréttar á stafvæðingu menningarverðmæta ætti að meginreglu til ekki að vera lengri en 10 ár. Ef gildistími einkaréttar er lengri en 10 ár ætti hann að vera háður endurskoðunum með tilliti til tæknilegra, fjárhagslegra og stjórnsýslulegra breytinga í viðkomandi umhverfi frá því að fyrirkomulagið var ákveðið. Allt samstarf opinberra aðila og einkaaðila um stafvæðingu menningarverðmæta ætti auk þess að veita menningarstofnuninni, sem er aðili að samstarfinu, fullan rétt til að nota stafvæddu menningarverðmætin þegar fyrirkomulagið fellur úr gildi.
- 50) Fyrirkomulag milli handhafa gagna og endurnotenda gagna sem ekki veitir einkarétt með ótvíræðum hætti en sem ætla má að takmarki aðgang að gögnum til endurnotkunar ætti að sæta opinberri viðbótarathugun. Grundvallarþætti slíks fyrirkomulags ætti því að birta á netinu a.m.k. tveimur mánuðum áður en það tekur gildi, þ.e. tveimur mánuðum fyrir þann dag sem samið er um að samningsaðilar byrji að uppfylla

skyldur sínar. Birtingin ætti að gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að óska eftir endurnotkun gagna sem falla undir slíkt fyrirkomulag og koma í veg fyrir hættuna á því að fjöldi mögulegra endurnotenda sé takmarkaður. Grundvallarþætti slíks fyrirkomulags ætti í öllu falli einnig að birta í endanlegri mynd, sem samningsaðilarnir koma sér saman um, opinberlega á netinu, án ótilhlýðilegrar tafar eftir að gengið hefur verið frá því.

- 51) Tilskipun þessi miðar að því að lágmarka hættuna á óhóflegum ávinningi af að vera fyrstur, sem gæti takmarkað fjölda mögulegra endurnotenda gagnanna. Ef líklegt er að samningsbundið fyrirkomulag, auk skyldna aðildarríkja samkvæmt þessari tilskipun til að veita aðgang að gögnum, hafi í för með sér færslu á fjármunum þess aðildarríkis í skilningi 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ættu ákvæði þessarar tilskipunar ekki að hafa áhrif á beitingu samkeppnisreglna og reglna um ríkisaðstoð sem mælt er fyrir um í 101.–109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Af reglunum um ríkisaðstoð sem mælt er fyrir um í 107., 108. og 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins leiðir að aðildarríki beri að kanna fyrirfram hvort ríkisaðstoð megi vera hluti af viðkomandi samningsbundnu fyrirkomulagi og tryggja að farið sé að reglunum um ríkisaðstoð.
- 52) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum, einkum reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB⁽¹⁸⁾ og þ.m.t. öll viðbótarákvæði landslaga. Þetta þýðir m.a. að endurnotkun persónuupplýsinga er aðeins leyfileg ef farið er að meginreglunni um takmörkun vegna tilgangs eins og hún er sett fram í b-lið 1. mgr. 5. gr. og 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Nafnlausar upplýsingar eru upplýsingar sem tengjast ekki persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi eða persónuupplýsingum sem hafa verið aftengdar persónuauðkennum þannig að ekki er lengur unnt að persónugreina hinn skráða. Að aftengja upplýsingar persónuauðkennum er leið til þess að hagsmunirnir af því að gera upplýsingar frá hinu opinbera eins endurnotanlegar og mögulegt er geti samrýmt skyldum samkvæmt persónuverndarlögum, en það kostar sitt. Rétt þykir að telja þann kostnað meðal þeirra kostnaðarliða sem teljast vera hluti jaðarkostnaðar við dreifingu eins og um getur í þessari tilskipun.
- 53) Þegar tekin er ákvörðun um umfang endurnotkunar gagna frá hinu opinbera sem innihalda persónuupplýsingar, t.d. innan heilbrigðisgeirans, og skilyrði fyrir henni kann að þurfa að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.
- 54) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á hugverkarétt þriðju aðila. Til að taka af allan vafa vísar hugtakið „hugverkaréttur“ einungis til höfundaréttar og skyldra réttinda, þ.m.t. vernd sinnar tegundar (sui generis). Þessi tilskipun gildir ekki um gögn sem falla undir hugverkarétt á sviði iðnaðar, svo sem einkaleyfi og skráða hönnun og vörumerki. Þessi tilskipun hefur hvorki áhrif á hugverkarétt opinberra aðila eða eignarhald þeirra á slíkum rétti né takmarkar hún beitingu þessa réttar á nokkurn hátt út fyrir þau mörk sem þessi tilskipun setur. Skyldurnar sem lagðar eru á í samræmi við þessa tilskipun ættu einungis að gilda að svo miklu leyti sem þær samræmast ákvæðum alþjóðasamninga um hugverkaréttarvernd, einkum Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum (Bernarsáttmálans), samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningsins) og samnings Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarrétt. Opinberir aðilar ættu þó að beita höfundarrétti sínum þannig að það auðveldi endurnotkun.
- 55) Með tilliti til löggjafar Sambandsins og alþjóðlegra skuldbindinga aðildarríkjanna og Sambandsins, einkum samkvæmt Bernarsáttmálanum og TRIPS-samningnum, ættu gögn sem falla undir hugverkarétt þriðju aðila að vera undanþegin gildissviði þessarar tilskipunar. Ef þriðji aðili var upprunalegur eigandi að hugverkarétti gagna, sem geymd eru á bókasöfnum, þ.m.t. á háskólabókasöfnum, söfnum og skjalasöfnum og verndartími þess réttar er ekki útrunninn, ætti að líta á slík gögn, að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar, sem gögn sem falla undir hugverkarétt þriðja aðila.
- 56) Þessi tilskipun ætti að vera með fyrirvara um réttindi, þ.m.t. fjárhagsleg og siðferðileg réttindi, sem starfsmenn opinberra aðila kunna að hafa samkvæmt landslögum.
- 57) Enn fremur ætti hlutaðeigandi opinber aðili að halda réttinum til að hagnýta gögn ef þau eru gerð aðgengileg til endurnotkunar.

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

- 58) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilskipun 2014/24/ESB.
- 59) Töl sem hjálpa mögulegum endurnotendum að finna gögn sem eru aðgengileg til endurnotkunar og skilyrðin fyrir endurnotkun geta auðveldað verulega notkun gagna frá hinu opinbera yfir landamæri. Aðildarríkin ættu því að tryggja að hagnýtt fyrirkomulag sé fyrir hendi sem hjálpar endurnotendum í leit sinni að gögnum sem eru aðgengileg til endurnotkunar. Dæmi um slíkt hagnýtt fyrirkomulag eru skrár, sem ættu helst að vera aðgengilegar á netinu, yfir helstu gögn (gögn sem eru endurnotuð í miklum mæli eða hafa möguleika til að vera endurnotuð í miklum mæli), og vefgáttir sem eru tengdar við sjálfstæðar skrár yfir gögn. Aðildarríki ættu einnig að auðvelda langtímaaðgang að upplýsingum frá hinu opinbera til endurnotkunar í samræmi við gildandi varðveislustefnur.
- 60) Framkvæmdastjórnin ætti að greiða fyrir samvinnu aðildarríkja og styðja við hönnun, prófun, framkvæmd og útbreiðslu á samvirkandi rafrænum skilflötum sem gera það kleift að veita skilvirkari og öruggari opinbera þjónustu.
- 61) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB⁽¹⁹⁾. Hún kveður á um skilyrðin sem gilda um beitingu opinberra aðila á hugverkarétti sínum á innri upplýsingamarkaðnum þegar endurnotkun gagna er leyfð. Ef opinberir aðilar eru handhafar réttarins sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 96/9/EBE ættu þeir ekki að nýta þann rétt til að koma í veg fyrir eða til að takmarka endurnotkun gagna sem til eru umfram þau mörk sem kveðið er á um í þessari tilskipun.
- 62) Framkvæmdastjórnin hefur stutt þróun framvinduskýrslu á netinu um opin gögn (e. online open data maturity report) með viðeigandi árangursvísium fyrir endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera í öllum aðildarríkjunum. Reglubundin uppfærsla þeirrar skýrslu stuðlar að upplýsingaskiptum á milli aðildarríkjana og því að upplýsingar um stefnur og venjur alls staðar í Sambandinu séu aðgengilegar.
- 63) Nauðsynlegt er að tryggja að aðildarríkin fylgist með umfangi endurnotkunar á upplýsingum frá hinu opinbera, skilyrðum fyrir aðgangi að þeim og framkvæmd að því er varðar úrlausnir.
- 64) Framkvæmdastjórnin getur aðstoðað aðildarríkin við að framkvæma þessa tilskipun með samræmdum hætti með því að gefa út og uppfæra fyrirliggjandi viðmiðunarreglur, einkum um ráðlögð, stöðluð leyfi, gagnasett og gjaldtöku fyrir endurnotkun gagna, að höfðu samráði við hagsmunaaðila.
- 65) Eitt af meginmarkmiðunum með því að koma á fót innri markaði er að skapa skilyrði sem stuðla að þróun þjónustu sem nær til alls Sambandsins. Bókasöfn, þ.m.t. háskólabókasöfn, söfn og skjalasöfn geyma umtalsvert magn verðmætra upplýsinga frá hinu opinbera, einkum þar eð stafvæðingarverkefni hafa leitt til margföldunar á magni stafræns efnis sem ekki nýtur lengur höfundarverndar. Þessi menningarsögulegi safnkostur og skyld lýsigögn eru mögulegur grunnur fyrir vörur og þjónustu sem byggjast á stafrænu efni og búa yfir miklum möguleikum á nýskapandi endurnotkun í geirum á borð við mennta- og ferðamál. Aðrar tegundir menningarstofnana, s.s. hljómsveitir, óperur, ballettar og leikhús, þ.m.t. skjalasöfn sem eru hluti af þessum stofnunum, ættu áfram að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar vegna sérstöðu þeirra sem sviðslistastofnana og þeirrar staðreyndar að næstum allt efni þeirra fellur undir hugverkarétt þriðja aðila.
- 66) Til að skapa skilyrði sem styðja við endurnotkun gagna, sem tengist mikilvægum félagslegum og hagrænum ávinningi er hefur sérstaklega mikið gildi fyrir hagkerfið og samfélagið, ætti að setja fram skrá yfir þemabundna flokka mjög verðmætra gagnasetta í viðauka. Með fyrirvara um framkvæmdargerðir sem tilgreina mjög verðmæt gagnasett sem sértækar kröfur þessarar tilskipunar ættu að gilda um, og að teknu tilliti til leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar um ráðlögð, stöðluð leyfi, gagnasett og gjaldtöku fyrir endurnotkun gagna, gætu þemabundnu flokkarnir t.d. náð yfir póstnúmer, landsbundin og staðbundin kort (landupplýsingar), orkunotkun og gervihnattamyndir (jarðfjarkönnun og umhverfi), gögn sem aflað er á staðnum með mælitækjum og veðurspár (veðurfræði), lýðfræðilega og efnahagslega vísa (tölfræðilegar upplýsingar), fyrirtækjaskrár og skráningarauðkenni (fyrirtæki og eignarhald fyrirtækja), umferðarmerki og skipgengar vatnaleiðir (hreyfanleika).

⁽¹⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinnna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

- 67) Til þess að breyta skránni yfir þemabunda flokka mjög verðmætra gagnasetta með því að bæta við fleirum þemabundnum flokkum, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽²⁰⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 68) Skrá yfir gagnasett í öllu Sambandinu, sem fela í sér sérstaka möguleika á að skapa félagslegan og hagrænan ávinning, ásamt samræmdum endurnotkunaraskilyrðum eru mikilvæg forsenda gagnaforríta og -þjónustu yfir landamæri. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að styðja við endurnotkun gagna sem tengist mikilvægum félagslegum og hagrænum ávinningi með því að samþykkja skrá yfir sértæk, mjög verðmæt gagnasett sem sértækar kröfur þessarar tilskipunar gilda um, ásamt fyrirkomulagi við birtingu þeirra og endurnotkun. Af þessum sökum munu þessar sértæku kröfur ekki gilda fyrr en framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framkvæmdagerðir. Skráin ætti að taka tillit til geirabundinna réttargerða Sambandsins sem setja reglur um birtingu gagnasetta, t.d. tilskipana 2007/2/EB og 2010/40/ESB, til að tryggja að gagnasett séu gerð aðgengileg í samræmi við viðeigandi staðla og sett lýsigagna. Skrána ætti að byggja á þeim þemabundnu flokkum sem settir eru fram í þessari tilskipun. Við undirbúning skrárinnar ætti framkvæmdastjórnin að efna til viðeigandi samráðs, þ.m.t. við sérfræðinga. Þar að auki ætti að taka tillit til áhrifa á samkeppni á viðkomandi mörkuðum þegar ákvörðun er tekin um að færa á skrána gögn í vörslu opinberra fyrirtækja eða ókeypis aðgang að þeim. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²¹⁾.
- 69) Til að tryggja hámarksáhrif þeirra og til að auðvelda endurnotkun ætti að gera mjög verðmæt gagnasett aðgengileg til endurnotkunar með minnstu mögulegu lagalegum hömlum og án endurgjalds. Þau ætti einnig að birta fyrir milligöngu forritaskila. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að opinberir aðilar taki gjald fyrir þjónustu sem þeir veita í tengslum við mjög verðmæt gagnasett þegar þeir fara með opinbert vald, einkum við að votta áreiðanleika eða sannleiksgildi gagna.
- 70) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að greiða fyrir tilurð upplýsingavara og -þjónustu alls staðar í Sambandinu sem byggjast á gögnum frá hinu opinbera, að tryggja skilvirka notkun einkafyrirtækja annars vegar, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, yfir landamæri á gögnum frá hinu opinbera til að búa til upplýsingavörur og -þjónustu sem hafa aukið virði, og ríkisborgara hins vegar til að greiða fyrir frjálsu flæði upplýsinga og samskipta, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna áhrifa fyrirhugaðrar aðgerðar í öllu Sambandinu, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 71) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmálanum um grundvallarréttindi, þ.m.t. réttur til friðhelgi einkalífs, vernd persónuupplýsinga, eignarréttur og aðlögun fatlaðs fólks að samfélaginu. Ekkert í þessari tilskipun ætti að túlka eða hrinda í framkvæmd á einhvern hátt sem er í ósamræmi við Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
- 72) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽²²⁾ og skilaði hún álit 10. júlí 2018 ⁽²³⁾.

⁽²⁰⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽²¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽²³⁾ Stjtið. ESB C 305, 30.8.2018, bls. 7.

- 73) Framkvæmdastjórnin ætti að láta fara fram mat á þessari tilskipun. Samkvæmt samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ætti þetta mat að byggjast á viðmiðunum fimm um skilvirkni, árangur, mikilvægi, samræmi og virðisauka og skapa grunn fyrir áhrifamat á valkostum varðandi frekari aðgerðir.
- 74) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar frest þeirra til að leiða tilskipanirnar í B-hluta II. viðauka í landslög.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Til þess að stuðla að notkun opinna gagna og örva nýsköpun vara og þjónustu eru í þessari tilskipun settar lágmarksreglur um endurnotkun og hagnýtt fyrirkomulag til að auðvelda endurnotkun á:
- a) gögnum sem til eru og eru í vörslu opinberra aðila í aðildarríkjunum,
 - b) gögnum sem til eru og eru í vörslu opinberra fyrirtækja sem:
 - i. eru virk á þeim sviðum sem skilgreind eru í tilskipun 2014/25/ESB,
 - ii. starfa sem rekstraraðilar opinberrar þjónustu skv. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1370/2007,
 - iii. starfa sem flugrekendur við að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu skv. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1008/2008 eða
 - iv. starfa sem skipaeygendur innan Bandalagsins við að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu skv. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3577/92,
 - c) rannsóknargögnum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 10. gr.
2. Þessi tilskipun gildir ekki um:
- a) gögn ef afhending þeirra er utan við starfssvið hlutaðeigandi opinberra aðila eins og það er skilgreint í lögum eða öðrum bindandi reglum í aðildarríkinu eða, ef slíkar reglur eru ekki til staðar, eins og það er skilgreint í samræmi við almennar stjórnsýsluvenjur í aðildarríkinu sem um ræðir, að því tilskildu að starfssviðið sé gagnsætt og háð endurskoðun,
 - b) gögn í vörslu opinberra fyrirtækja sem:
 - i. verða til utan við svið þjónustustarfsemi í almannabágu í skilningi laga eða annarra bindandi reglna í aðildarríkinu,
 - ii. tengjast starfsemi í beinni samkeppni og falla því, skv. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, ekki undir reglur um innkaup,
 - c) gögn sem þriðju aðilar eiga hugverkarétt á,
 - d) gögn, s.s. viðkvæm gögn, sem ekki er aðgangur að samkvæmt fyrirkomulagi um aðgang í aðildarríkinu, þ.m.t vegna:
 - i. verndar þjóðaröryggis (þ.e. öryggis ríkisins), landvarna eða almannaoöryggis,
 - ii. trúnaðarkvaðar í hagskýrslum,
 - iii. viðskiptaleyndar (þ.m.t. viðskipta-, atvinnu- eða fyrirtækjaleyndarmála),
 - e) gögn, sem ekki er aðgangur að eða takmarkaður aðgangur er að vegna viðkvæmra upplýsinga sem tengjast vernd þýðingarmikilla grunnvirkja, eins og skilgreint er í d-lið 2. gr. tilskipunar 2008/114/EB,

- f) gögn sem takmarkaður aðgangur er að samkvæmt fyrirkomulagi um aðgang í aðildarríkjunum, þ.m.t. tilvik þar sem borgarar eða lögaðilar verða að sýna fram á að hafa sérstakan hag af að fá aðgang að gögnunum,
- g) kennimerki, skjaldarmerki og einkennismerki,
- h) gögn, sem ekki er aðgangur að eða takmarkaður aðgangur er að samkvæmt fyrirkomulagi um aðgang vegna verndar persónuupplýsinga, og hluta gagna, sem aðgangur er að samkvæmt því fyrirkomulagi, sem innihalda persónuupplýsingar og skilgreint hefur verið í lögum að endurnotkun þeirra sé ósamrýmanleg lögum um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga eða grafi undan friðhelgi einkalífsins og heilindum einstaklingsins, einkum að því er varðar lög Sambandsins eða landslög um vernd persónuupplýsinga,
- i) gögn sem eru í vörslu útvarpsrekanda í almannabágu og dótturfyrirtækja þeirra eða í vörslu annarra stofnana eða dótturfyrirtækja þeirra sem nota þau til að sinna verkefnum á sviði útvarpsþjónustu í almannabágu,
- j) gögn sem eru í vörslu annarra menningarstofnana en bókasafna, þ.m.t. háskólabókasafna, safna og skjalasafna,
- k) gögn sem eru í vörslu menntastofnana á framhaldsskólastigi og á lægri stigum og þegar um er að ræða allar aðrar menntastofnanir, önnur gögn en þau sem um getur í c-lið 1. mgr.,
- l) önnur gögn en þau sem um getur í c-lið 1. mgr. sem eru í vörslu stofnana sem framkvæma rannsóknir og stofnana sem fjármagna rannsóknir, þ.m.t. stofnana sem komið er á fót til að yfirfæra rannsóknarniðurstöður.
3. Tilskipun þessi byggir á og er með fyrirvara um Sambands- og landsfyrirkomulag um aðgang.
4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á lög Sambandsins og landslög um vernd persónuupplýsinga, einkum reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun 2002/58/EB og samsvarandi ákvæði landslaga.
5. Skyldurnar sem lagðar eru á í samræmi við þessa tilskipun skulu einungis gilda að svo miklu leyti sem þær samræmast ákvæðum alþjóðasamninga um hugverkaréttarvernd, einkum Bernarsáttmálans, TRIPS-samningsins og samnings Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarrétt.
6. Opinberir aðilar skulu ekki nýta sér rétt höfundar gagnagrunns, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 96/9/EB, til að koma í veg fyrir eða takmarka endurnotkun gagna umfram þau mörk sem þessi tilskipun setur.
7. Þessi tilskipun gildir um endurnotkun gagna sem til eru og eru í vörslu opinberra aðila og opinberra fyrirtækja í aðildarríkjunum, þ.m.t. gagna sem tilskipun 2007/2/EB gildir um.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „opinber aðili“: ríkið, svæðis- eða staðaryfirvöld, aðilar sem heyra undir opinberan rétt eða samtök sem mynduð eru af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri slíkum aðilum um sem heyra undir opinberan rétt,
- 2) „aðilar sem heyra undir opinberan rétt“: aðilar sem hafa öll eftirfarandi einkenni til að bera:
 - a) þeim er komið á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,
 - b) þeir hafa réttarstöðu lögaðila og
 - c) þeir eru fjármagnaðir að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, eða starfsemi þeirra er undir eftirliti slíkra yfirvalda eða aðila, eða þeir hafa stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meirihluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt,

- 3) „opinbert fyrirtæki“: hvers kyns fyrirtæki sem er virkt á sviðum sem sett eru fram í b-lið 1. mgr. 1. gr., þar sem opinberir aðilar geta haft ráðandi áhrif, beint eða óbeint, vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um fyrirtækið. Ráðandi áhrif opinberra aðila skulu teljast vera fyrir hendi í sérhverju eftirfarandi tilvika, þar sem þeir aðilar, beint eða óbeint:
 - a) eiga meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,
 - b) ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutafjäreign í fyrirtækinu,
 - c) hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins,
- 4) „háskóli“: opinber aðili sem veitir æðri menntun sem leiðir til háskólaprófs,
- 5) „staðlað leyfi“: röð fyrirframskilgreindra endurnotkunarskilyrða á stafrænu formi, sem æskilegt er að samræmist stöðluðum opinberum leyfum sem eru aðgengileg á netinu,
- 6) „gögn“ eru:
 - a) hvers konar efnis, á hvaða miðli sem er (á pappír eða á rafrænu formi, eða sem hljóðupptaka, myndupptaka eða hljóðmyndræn upptaka) eða
 - b) allir hlutar slíks efnis,
- 7) „að gera nafnlaust“: það ferli að breyta gögnum í nafnlaus gögn sem tengjast ekki persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi, eða það ferli að aftengja persónuupplýsingar persónuauðkennum þannig að ekki er lengur unnt að persónugreina hinn skráða,
- 8) „kvik gögn“: gögn á stafrænu formi sem uppfærast ört eða í rauntíma, einkum vegna þess hversu flóktandi þau eru eða hversu hratt þau úreldast; gögn sem aflað er með skynjurum teljast yfirleitt til kvikra gagna,
- 9) „rannsóknargögn“: gögn á stafrænu formi, önnur en vísindarit, sem safnað er eða sem verða til við vísindarannsóknarstarfsemi og eru notuð sem sönnunargögn í rannsóknarferlinu eða eru almennt viðurkennd í rannsóknasamfélaginu sem nauðsynleg til að sannreyna niðurstöður og árangur rannsókna,
- 10) „mjög verðmæt gagnasett“: gögn þar sem endurnotkun er tengd mikilvægum ávinningi fyrir samfélagið, umhverfið og hagkerfið, einkum vegna þess hversu vel þau henta til að skapa virðisaukandi þjónustu, forrit og ný hágæða- og mannsæmandi störf og vegna þess fjölda sem mögulega nýtur góðs af virðisaukandi þjónustunni og forritunum sem byggjast á þessum gagnasettum,
- 11) „endurnotkun“: notkun einstaklinga eða lögaðila á gögnum í vörslu:
 - a) opinberra aðila í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, sem er annar en upphaflegur tilgangur með að búa gögnin til innan opinbers starfssviðs þeirra var, nema um sé að ræða skipti á gögnum milli opinberra aðila eingöngu til að sinna opinberum verkefnum þeirra eða
 - b) opinberra fyrirtækja í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, sem er annar en sá upphaflegi tilgangur að veita þjónustu í almannabágu sem gögnin voru búin til fyrir, nema um sé að ræða skipti á gögnum milli opinberra fyrirtækja og opinberra aðila eingöngu til að sinna opinberum verkefnum opinberu aðilanna,
- 12) „persónuupplýsingar“: persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679,
- 13) „tölvulæsilegt snið“: skrársnið sem er þannig skipað að notkunarhugbúnaður geti auðveldlega borið kennsl á, þekkt aftur og dregið sértæk gögn úr því, þ.m.t. einstakar upplýsingar og innra skipulag þeirra,
- 14) „opið snið“: skrársnið sem er óháð verkvangi og aðgengilegt almenningi án nokkurra takmarkana sem hefta endurnotkun gagna,
- 15) „formlegur, opin staðall“: staðall sem mælt hefur verið fyrir um með skriflegum hætti og inniheldur forskriftir fyrir kröfur um hvernig tryggja skuli samvirkni hugbúnaðar,

- 16) „sanngjörn arðsemi af fjárfestingu“: hlutfall af heildargjöldum, umfram það sem þarf til að standa straum af viðeigandi kostnaði, og sem er ekki meira en 5 prósentustigum yfir föstum vöxtum Seðlabanka Evrópu,
- 17) „þriðji aðili“: sérhver einstaklingur eða lögaðili, annar en opinber aðili eða opinbert fyrirtæki sem er með gögnin í vörslu sinni.

3. gr.

Meginregla

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríkin tryggja að gögn, sem tilskipun þessi gildir um í samræmi við 1. gr., skuli vera hægt að endurnota í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis í samræmi við III. og IV. kafla.
2. Þegar um er að ræða gögn sem falla undir hugverkaréttindi bókasafna, þ.m.t. háskólabókasafna, safna og skjalasafna og gögn í vörslu opinberra fyrirtækja skulu aðildarríkin tryggja að ef endurnotkun slíkra gagna er heimil skuli vera hægt að endurnota þessi gögn í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis í samræmi við III. og IV. kafla.

II. KAFLI

BEIÐNIR UM ENDURNOTKUN

4. gr.

Afgreiðsla beiðna um endurnotkun

1. Opinberir aðilar skulu afgreiða beiðnir um endurnotkun með rafrænum hætti, ef unnt er og við á, og veita umsækjandanum aðgang að gögnunum til endurnotkunar eða, ef leyfi er nauðsynlegt, ganga frá leyfistilboði til umsækjandans innan sanngjarns frests sem er innan þess tímaramma sem mælt er fyrir um til afgreiðslu beiðna um aðgang að gögnum.
2. Ef ekki hafa verið sett nein tímamörk eða aðrar reglur um afhendingu gagna innan ákveðins tíma skulu opinberir aðilar afgreiða beiðnina og afhenda umsækjandanum gögnin til endurnotkunar eða, ef leyfi er nauðsynlegt, ganga frá leyfistilboði til umsækjandans eins fljótt og unnt er og a.m.k. innan 20 virkra daga frá móttöku beiðnarinnar. Heimilt er að framlengja þann frest um aðra 20 virka daga ef um er að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni. Í slíkum tilvikum skal tilkynna umsækjandanum svo fljótt sem auðið er, og í öllu falli innan þriggja vikna frá upphaflegu beiðninni, að lengri frest þurfi til að afgreiða hana og um ástæður fyrir því.
3. Ef beiðni er synjað skulu opinberir aðilar tilkynna umsækjandanum ástæður synjunarinnar á grundvelli viðeigandi ákvæða fyrirkomulagsins um aðgang í því aðildarríki eða ákvæða sem leiða í lög þessa tilskipun, einkum a- til h-liðar 2. mgr. 1. gr. eða 3. gr. Ef synjun er byggð á c-lið 2. mgr. 1. gr. skal opinber aðili láta fylgja tilvísun til einstaklingsins eða lögaðilans sem er réttthafi, ef hann er þekktur, eða að öðrum kosti til leyfisveitandans sem opinberi aðilinn fékk viðeigandi efni frá. Bókasöfnum, þ.m.t. háskólabókasöfnum, söfnum og skjalasöfnum ber ekki skylda til að láta slíka tilvísun fylgja.
4. Sérhver ákvörðun varðandi endurnotkun skal innihalda tilvísun til leiða til úrlausnar ef umsækjandinn skyldi vilja vefengja ákvörðunina. Á meðal leiða til úrlausnar skal vera möguleiki á endurskoðun af hálfu óhlutdrægs endurskoðunaraðila með viðeigandi sérþekkingu, s.s. landsbundins samkeppnisyfirls, viðeigandi gagnaáðgangsyfirls, eftirlitsyfirlsins sem komið er á fót í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 eða innlands dómstóls, sem tekur ákvarðanir sem eru bindandi gagnvart hlutaðeigandi opinberum aðila.
5. Að því er varðar þessa grein skulu aðildarríki koma á hagnýtu fyrirkomulagi til að auðvelda skilvirka endurnotkun gagna. Slíkt fyrirkomulag getur einkum falið í sér aðferðir við að veita fullnægjandi upplýsingar um réttindi sem kveðið er á um í þessari tilskipun og veita viðeigandi aðstoð og leiðsögn.
6. Eftirtaldir aðilar þurfa ekki að fara að ákvæðum þessarar greinar:
 - a) opinber fyrirtæki,
 - b) menntastofnanir, stofnanir sem framkvæma rannsóknir og stofnanir sem fjármagna rannsóknir.

III. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR ENDURNOTKUN

5. gr.

Tiltæk snið

1. Með fyrirvara um V. kafla skulu opinberir aðilar og opinber fyrirtæki gera gögn sín aðgengileg á sniði eða tungumáli sem til er og, ef unnt er og við á, með rafrænum hætti, á sniðum sem eru opin, tölvulæsileg, aðgengileg, finnanleg og endurnotanleg, ásamt lýsigögnum þeirra. Bæði snið og lýsigögn skulu, eftir því sem unnt er, vera í samræmi við formlega, opna staðla.
2. Aðildarríki skulu hvetja opinbera aðila og opinber fyrirtæki til að búa til og gera aðgengileg gögn, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, í samræmi við meginregluna um „að innbyggt sé og sjálfgefið að gögnin séu opin“.
3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki fela í sér skyldu fyrir opinbera aðila til að búa til eða breyta gögnum eða gera útdrátt úr þeim, í því skyni að fara að þeirri málsgrein, þegar slíkt hefur óhóflega fyrirhöfn í för með sér og er meira en bara einföld aðgerð.
4. Ekki er hægt að krefjast þess að opinberir aðilar haldi áfram að útbúa og geyma tiltekna tegund gagna til þess að aðilar í einkageiranum eða hins opinbera geti endurnotað slík gögn.
5. Opinberir aðilar skulu gera kvik gögn aðgengileg til endurnotkunar um leið og þeim hefur verið safnað, um viðeigandi forritaskil og, þar sem við á, með magnniðurhali.
6. Sé opinberi aðillinn ekki fjárhagslega og tæknilega í stakk búinn til að gera kvik gögn aðgengileg til endurnotkunar um leið og þeim hefur verið safnað, eins og um getur í 5. mgr., og það hefði þ.a.l. í för með sér óhóflega fyrirhöfn, skulu þau gerð aðgengileg til endurnotkunar innan tímaramma eða með tímabundnum tæknilegum takmörkunum sem hafa ekki óeðlileg áhrif á nýtingu efnahagslegra og félagslegra möguleika þeirra.
7. Ákvæði 1.–6. mgr. skulu gilda um gögn sem til eru og eru í vörslu opinberra fyrirtækja og sem eru aðgengileg til endurnotkunar.
8. Mjög verðmæt gagnasett, sem skráð eru í samræmi við 1. mgr. 14. gr., skal gera aðgengileg til endurnotkunar á tölvulæsilegu sniði, um viðeigandi forritaskil og, þar sem við á, með magnniðurhali.

6. gr.

Meginreglur um gjaldtöku

1. Endurnotkun gagna skal vera án endurgjalds.
Þó er heimilt að endurheimta jaðarkostnað sem stofnað er til við fjölföldun, afhendingu og dreifingu gagna, sem og við að gera persónuupplýsingar nafnlausar og við gerð ráðstafana til að vernda trúnaðarupplýsingar sem eru viðskiptalegs eðlis.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um eftirfarandi:
 - a) opinbera aðila sem er skylt að afla tekna til að standa straum af verulegum hluta þess kostnaðar sem tengist opinberu starfs-sviði þeirra,
 - b) bókasöfn, þ.m.t. háskólabókasöfn, söfn og skjalasöfn,
 - c) opinber fyrirtæki.
3. Aðildarríki skulu birta á netinu skrá yfir þá opinberu aðila sem um getur í a-lið 2. mgr.
4. Í þeim tilvikum, sem um getur í a- og c-lið 2. mgr., skal reikna út heildargjöld samkvæmt hlutlægum, gagnsæjum og sann-prófanlegum viðmiðum. Aðildarríkin skulu setja slík viðmið.

Heildartekjur af að láta í té og heimila endurnotkun gagna á viðeigandi uppgjörstímabili skulu ekki vera hærri en kostnaðurinn við söfnun, framleiðslu, fjölföldun, dreifingu og geymslu gagna, auk sanngjarnrar arðsemi af fjárfestingunni og, eftir atvikum, kostnaðar við að gera persónuupplýsingar nafnlausar og við gerð ráðstafana til að vernda trúnaðarupplýsingar sem eru viðskiptalegs eðlis.

Gjöld skulu reiknuð út í samræmi við gildandi reikningsskilareglur.

5. Ef opinberir aðilar, sem um getur í b-lið 2. mgr., innheimta gjald skulu heildartekjur af að láta í té og leyfa endurnotkun gagna á viðeigandi uppgjörstímabili ekki fara fram úr kostnaði við söfnun, framleiðslu, fjölföldun, dreifingu, geymslu gagna, varðveislu og réttindaleyfi og, eftir atvikum, kostnaði við að gera persónuupplýsingar nafnlausar og við gerð ráðstafana til að vernda trúnaðarupplýsingar sem eru viðskiptalegs eðlis, auk sanngjarnrar arðsemi af fjárfestingunni.

Gjöld skulu reiknuð út í samræmi við þær reikningsskilareglur sem gilda um þá opinberu aðila sem málið varðar.

6. Endurnotkun á eftirfarandi skal vera án endurgjalds fyrir notandann:

- a) mjög verðmætum gagnasettum sem skráð eru í samræmi við 1. mgr. 14. gr., með fyrirvara um 3., 4. og 5. mgr. þeirrar greinar,
- b) rannsóknargögnum sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Gagnsæi

1. Þegar um er að ræða stöðluð gjöld fyrir endurnotkun gagna skulu öll viðeigandi skilyrði og raunveruleg fjárhæð gjaldanna, þ.m.t. grundvöllur útreikninga á slíkum gjöldum, ákveðin fyrir fram og birt með rafrænum hætti ef unnt er og við á.
2. Þegar um er að ræða önnur gjöld fyrir endurnotkun en þau sem um getur í 1. mgr. skal tilgreina strax í upphafi hvaða þættir verða teknir til greina við útreikning á þessum gjöldum. Ef þess er óskað skal viðkomandi handhafi gagnanna einnig tilgreina hvernig slík gjöld hafa verið reiknuð út í tengslum við tiltekna beiðni um endurnotkun.
3. Opinberir aðilar skulu tryggja að umsækjendum um endurnotkun gagna sé gerð grein fyrir þeim leiðum til úrlausna sem tiltækar eru varðandi ákvarðanir eða venjur sem hafa áhrif á þá.

8. gr.

Stöðluð leyfi

1. Endurnotkun gagna skal ekki háð skilyrðum, nema slík skilyrði séu hlutlæg, hófleg, án mismununar og réttlætt með vísan til markmiða sem varða almannahagsmuni.

Ef endurnotkun er háð skilyrðum skulu þau skilyrði ekki takmarka að óþörfu möguleika á endurnotkun og ekki notuð til að takmarka samkeppni.

2. Í aðildarríkjum þar sem leyfi eru notuð skulu aðildarríkin tryggja að stöðluð leyfi fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera, sem hægt er að breyta fyrir einstakar umsóknir um leyfi, séu aðgengileg á stafrænu sniði og sé hægt að afgreiða með rafrænum hætti. Aðildarríkin skulu hvetja til notkunar slíkra staðlaðra leyfa.

9. gr.

Hagnýtt fyrirkomulag

1. Aðildarríkin skulu koma á hagnýtu fyrirkomulagi sem auðveldar leit að gögnum sem eru aðgengileg til endurnotkunar, s.s. í formi skráa yfir helstu gögn ásamt viðeigandi lýsigögnum sem, ef unnt er og við á, eru aðgengilegar á netinu og á tölvulæsilegu sniði, og vefgátta sem eru tengdar við sjálfstæðar skrár. Þegar mögulegt er skulu aðildarríkin auðvelda leit að gögnum milli tungumála, einkum með því að gera samsöfnun lýsigagna á vettvangi Sambandsins mögulega.

Aðildarríkin skulu einnig hvetja opinbera aðila til að koma á hagnýtu fyrirkomulagi sem auðveldar varðveislu gagna sem aðgengileg eru til endurnotkunar.

2. Í samvinnu við framkvæmdastjórnina skulu aðildarríkin halda áfram þeirri viðleitni að einfalda aðgang að gagnasettum með rafrænum hætti, einkum með því að bjóða upp á einn aðgangsstað og með því að gera hentug gagnasett í vörslu opinberra aðila aðgengileg stig af stigi að því er varðar gögn sem þessi tilskipun gildir um, sem og gögn í vörslu meginstofnana Sambandsins, á sniðum sem eru aðgengileg, auðvelt að finna og endurnotanleg.

10. gr.

Rannsóknargögn

1. Aðildarríkin skulu styðja við aðgengi að rannsóknargögnum með því að samþykkja landsbundnar stefnur og viðeigandi aðgerðir sem miða að því að opna aðgengi að rannsóknargögnum sem fjármögnuð eru af hinu opinbera („stefnur um opinn aðgang“), samkvæmt meginreglunni um að „sjálfgefið sé að gögn séu opin“ og sem samrýmist FAIR-meginreglunum um að rannsóknargögn séu finnanleg, aðgengileg, samvirkandi og endurnotanleg. Í því samhengi skal taka tillit til sjónarmiða á borð við hugverkarétt, vernd persónuupplýsinga og trúnaðarkvöð, öryggi og lögmæta viðskiptahagsmuni, í samræmi við meginregluna „eins opið og unnt er, eins lokað og nauðsyn krefur.“ Þessum stefnum um opinn aðgang skal beint til stofnana sem framkvæma rannsóknir og stofnana sem fjármagna rannsóknir.

2. Með fyrirvara um c-lið 2. mgr. 1. gr. skal vera hægt að endurnota rannsóknargögn í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis í samræmi við III. og IV. kafla, að því marki sem þau eru fjármögnuð af hinu opinbera og rannsakendur, stofnanir sem framkvæma rannsóknir eða stofnanir sem fjármagna rannsóknir hafi þegar gert þau aðgengileg öllum í gegnum gagnasafn stofnunar eða gagnasafn á tilteknu sviði. Í því samhengi skal taka tillit til lögmætra viðskiptahagsmuna, þekkingarmiðlunar og fyrirbyggjandi hugverkaréttar.

IV. KAFLI

BANN VIÐ MISMUNUN OG GÓÐIR VIÐSKIPTAHÆTTIR

11. gr.

Bann við mismunun

1. Öll gildandi skilyrði fyrir endurnotkun gagna skulu vera án mismununar að því er varðar sambærilega flokka endurnotkunar, þ.m.t. endurnotkun yfir landamæri.
2. Ef opinber aðili endurnotar gögn sem ílag til viðskiptastarfsemi sinnar, sem fellur utan við opinbert starfssvið hans, skulu sömu gjöld og önnur skilyrði gilda um afhendingu gagnanna til þeirrar starfsemi og gilda um aðra notendur.

12. gr.

Einkanytjafyrirkomulag

1. Endurnotkun gagna skal vera opin öllum hugsanlegum aðilum á markaðnum jafnvel þó einn eða fleiri markaðsaðilar hagnýti nú þegar vörur, sem hafa aukið virði, sem byggja á þessum gögnum. Samningar eða annað fyrirkomulag milli opinberra aðila eða opinberra fyrirtækja sem eru með gögnin í vörslu sinni og þriðju aðila skulu ekki veita einkarétt.
2. Ef einkaréttur er hins vegar nauðsynlegur til að veita þjónustu í þágu almennings skal réttmæti ástæðunnar til að veita slíkan einkarétt vera háð reglulegri endurskoðun og skal a.m.k. endurskoðuð á þriggja ára fresti. Einkanytjafyrirkomulag, sem komið er á fót 16. júlí 2019 eða síðar, skal gert aðgengilegt öllum á netinu a.m.k. tveimur mánuðum áður en það tekur gildi. Endanlegir skilmálar slíks fyrirkomulags skulu vera gagnsæir og gerðir aðgengilegir öllum á netinu.

Þessi málsgrein skal ekki gilda um stafvæðingu menningarverðmæta.

3. Ef einkaréttur varðar stafvæðingu menningarverðmæta skal gildistími einkaréttar að meginreglu til ekki vera lengri en 10 ár, þrátt fyrir 1. mgr. Ef tímabilið er lengra en 10 ár skal lengd þess endurmetin á ellefta árinu og, ef við á, á sjö ára fresti eftir það.

Það einkaréttarfyrirkomulag, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera gagnsætt og birt opinberlega.

Þegar fyrir liggur einkaréttur, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal hlutaðeigandi opinber aðili fá afrit af stafvæddu menningarverðmætunum án endurgjalds, sem hluta af því fyrirkomulagi. Það afrit skal vera aðgengilegt til endurnotkunar í lok gildistíma einkaréttar.

4. Lagalegt eða hagnýtt fyrirkomulag sem, án þess að veita einkarétt með ótvíræðum hætti, miðar að, eða sem ætla má að geti leitt til, takmarkaðs aðgangs annarra aðila en þriðja aðilans sem er þátttakandi í fyrirkomulaginu að endurnotkun gagna, skal gera aðgengilegt öllum á netinu a.m.k. tveimur mánuðum áður en það tekur gildi. Áhrif slíks lagalegs eða hagnýts fyrirkomulags á aðgengi að gögnum til endurnotkunar skulu háð reglulegri endurskoðun og endurskoðuð á a.m.k. þriggja ára fresti. Endanlegir skilmálar slíks fyrirkomulags skulu vera gagnsæir og gerðir aðgengilegir öllum á netinu.

5. Einkanytjafyrirkomulagi, sem var fyrir hendi 17. júlí 2013 og uppfyllir ekki skilyrði um undantekningu sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. og sem opinberir aðilar taka þátt í, skal slitið í lok samningsins og eigi síðar en 18. júlí 2043.

Einkanytjafyrirkomulagi, sem var fyrir hendi 16. júlí 2019 og uppfyllir ekki skilyrði um undantekningu sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. og sem opinber fyrirtæki taka þátt í, skal slitið í lok samningsins og eigi síðar en 17. júlí 2049.

V. KAFLI

MJÖG VERÐMÆT GAGNASETT

13. gr.

Þemabundnir flokkar mjög verðmætra gagnasetta

1. Til að skapa skilyrði til að styðja við endurnotkun mjög verðmætra gagnasetta er sett fram skrá yfir þemabundna flokka slíkra gagnasetta í I. viðauka.
2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 15. gr., til að breyta I. viðauka með því að bæta við nýjum þemabundnum flokkum mjög verðmætra gagnasetta til að endurspegla tækni- og markaðsþróun.

14. gr.

Sértæk, mjög verðmæt gagnasett og fyrirkomulag við birtingu og endurnotkun

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um skrá yfir sértæk, mjög verðmæt gagnasett sem tilheyra þeim flokkum sem settir eru fram í I. viðauka og eru í vörslu opinberra aðila og opinberra fyrirtækja meðal þeirra gagna sem þessi tilskipun gildir um.

Slík sértæk, mjög verðmæt gagnasett skulu vera:

- a) aðgengileg án endurgjalds, með fyrirvara um 3., 4. og 5. mgr.,
- b) tölvulæsileg,
- c) veitt um forritaskil og
- d) veitt með magniðurhali, þar sem við á.

Í þessum framkvæmdargerðum má tilgreina það fyrirkomulag sem gildir um birtingu og endurnotkun mjög verðmætra gagnasetta. Slíkt fyrirkomulag skal samrýmast öllum stöðluðum leyfum.

Fyrirkomulagið getur falið í sér skilmála um endurnotkun, snið gagna og lýsigagna og tæknilegt fyrirkomulag dreifingar. Taka skal tillit til fjárfestinga aðildarríkjanna í öllum gagnastefnum, t.d. fjárfestinga í þróun og útbreiðslu tiltekinna staðla og hún vegin gagnvart hugsanlegum ávinningi af færslu á skrána.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

2. Tilgreining sértækra, mjög verðmætra gagnasetta samkvæmt 1. mgr. skal byggð á mati á möguleikum þeirra til að:
 - a) skapa umtalsverðan félagslegan og hagrænan ávinning eða umhverfislegan ávinning og nýsköpunarþjónustu,
 - b) gagnast miklum fjölda notenda, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum,
 - c) aðstoða við öflun tekna og
 - d) sameina þau öðrum gagnasettum.

Til að bera kennsl á slík sértæk, mjög verðmæt gagnasett skal framkvæmdastjórnin hafa viðeigandi samráð, þ.m.t. við sérfræðinga, láta fara fram áhrifamat og tryggja samstillingu við löggjörninga sem fyrir eru, t.d. tilskipun 2010/40/ESB, að því er tekur til endurnotkunar gagna. Áhrifamatið skal fela í sér kostnaðar- og ábatagreiningu og greiningu á því hvort að það að opinberir aðilar, sem skylt er að afla tekna til að standa straum af verulegum hluta þess kostnaðar sem tengist opinberu starfssviði þeirra, veiti aðgengi að mjög verðmætum gagnasettum án endurgjalds myndi hafa veruleg áhrif á fjárhag slíkra aðila. Að því er varðar mjög verðmæt gagnasett sem eru í vörslu opinberra fyrirtækja skal í áhrifamatinu taka sérstakt tillit til hlutverks opinberra fyrirtækja í efnahagsumhverfi þar sem ríkir samkeppni.

3. Þrátt fyrir a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. skulu framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr. kveða á um að aðgengi að mjög verðmætum gagnasettum án endurgjalds skuli ekki eiga við um sértæk, mjög verðmæt gagnasett í vörslu opinberra fyrirtækja ef slíkt hefði í för með sér röskun á samkeppni á viðkomandi mörkuðum.

4. Krafa um að gera mjög verðmæt gagnasett aðgengileg án endurgjalds skv. a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. skal ekki gilda um bókasöfn, þ.m.t. háskólabókasöfn, söfn og skjalasöfn.

5. Ef það að gera mjög verðmæt gagnasett aðgengileg án endurgjalds myndi hafa veruleg áhrif á fjárhag opinberra aðila, sem skylt er að afla tekna til að standa straum af verulegum hluta þess kostnaðar sem tengist opinberu starfssviði þeirra, geta aðildarríkin veitt þessum aðilum undanþágu frá kröfunni um að gera mjög verðmæt gagnasett aðgengileg án endurgjalds í allt að tvö ár frá gildistöku viðkomandi framkvæmdargerðar sem samþykkt var í samræmi við 1. mgr.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr. 13. gr., til fimm ára frá 16. júlí 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. mgr. 13. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnframt tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjú mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

16. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um opin gögn og endurnotkun á upplýsingum frá hinu opinbera. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

*17. gr.***Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 17. júlí 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipunina, sem felld er niður með þessari tilskipun, sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig setja eigi yfirlýsinguna fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*18. gr.***Mat framkvæmdastjórnarinnar**

1. Eigi fyrr en 17. júlí 2025 skal framkvæmdastjórnin láta fara fram mat á þessari tilskipun og leggja skýrslu um helstu niðurstöður matsins fyrir Evrópuþingið og ráðið og fyrir efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins.

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka þessa skýrslu saman.

2. Matið skal einkum taka til gildissviðs og félagslegra og efnahagslegra áhrifa þessarar tilskipunar, þ.m.t.:

- a) aukningar á endurnotkun gagna frá hinu opinbera sem þessi tilskipun gildir um, einkum af hálfu lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- b) áhrifa mjög verðmætra gagnasetta,
- c) áhrifa meginreglnanna sem gilda um gjaldtöku og endurnotkunar opinberra laga- og stjórnsýslutexta,
- d) endurnotkunar gagna í vörslu annarra aðila en opinberra aðila,
- e) aðgengis að og notkunar á forritaskilum,
- f) samspilsins milli reglna um persónuvernd og möguleikanna á endurnotkun,
- g) frekari möguleika á að bæta eðlilega starfsemi innri markaðarins og styðja við efnahagsþróun og þróun vinnumarkaðarins.

*19. gr.***Niðurfelling**

Tilskipun 2003/98/EB, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem tilgreind er í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi frá og með 17. júlí 2021, sbr. þó skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að leiða tilskipanir í landslög og dagsetningar þegar þær koma til framkvæmda sem tilgreind eru í B-hluta II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunar-töflunni í III. viðauka.

*20. gr.***Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

21. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. Ciamba

forseti.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir þemabundna flokka mjög verðmætra gagnasetta, eins um getur í 1. mgr. 13. gr.

1. Landupplýsingar
 2. Jarðfjarkönnun og umhverfi
 3. Veðurfræði
 4. Tölfræðilegar upplýsingar
 5. Fyrirtæki og eignarhald fyrirtækja
 6. Hreyfanleiki
-

II. VIÐAUKI

A-hluti

Niðurfelld tilskipun með breytingu

(sem um getur í 19. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB (Stjtið. EB L 345, 31.12.2003, bls. 90).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB (Stjtið. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 1).	

B-hluti

Frestir til að leiða í landslög og dagsetningar þegar tilskipanirnar koma til framkvæmda

(sem um getur í 19. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Dagur þegar tilskipunin kemur til framkvæmda
2003/98/EB	1. júlí 2005	1. júlí 2005
2013/37/ESB	18. júlí 2015	18. júlí 2015

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 2003/98/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 1. gr.
	a-, b- og c-liður 1. mgr. 1. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 1. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 1. gr.
a-liður 2. mgr. 1. gr.	a-liður 2. mgr. 1. gr.
—	b-liður 2. mgr. 1. gr.
b-liður 2. mgr. 1. gr.	c-liður 2. mgr. 1. gr.
c-liður 2. mgr. 1. gr.	d-liður 2. mgr. 1. gr.
—	e-liður 2. mgr. 1. gr.
ca-liður 2. mgr. 1. gr.	f-liður 2. mgr. 1. gr.
cb-liður 2. mgr. 1. gr.	g-liður 2. mgr. 1. gr.
cc-liður 2. mgr. 1. gr.	h-liður 2. mgr. 1. gr.
d-liður 2. mgr. 1. gr.	i-liður 2. mgr. 1. gr.
e-liður 2. mgr. 1. gr.	l-liður 2. mgr. 1. gr.
f-liður 2. mgr. 1. gr.	j-liður 2. mgr. 1. gr.
—	k-liður 2. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
5. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
—	6. og 7. mgr. 1. gr.
Inngangsorð 2. gr.	Inngangsorð 2. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
—	3. og 5. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	6. mgr. 2. gr.
—	7.–10. mgr. 2. gr.
4. mgr. 2. gr.	11. mgr. 2. gr.
5. mgr. 2. gr.	12. mgr. 2. gr.
6. mgr. 2. gr.	13. mgr. 2. gr.
7. mgr. 2. gr.	14. mgr. 2. gr.
8. mgr. 2. gr.	15. mgr. 2. gr.
9. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
—	16. og 17. mgr. 2. gr.
3. gr.	3. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 4. gr.

Tilskipun 2003/98/EB	Þessi tilskipun
3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr.	4. mgr. 4. gr.
—	5. mgr. 4. gr.
5. mgr. 4. gr.	Inngangsorð 6. mgr. 4. gr.
	a- og b-liður 6. mgr. 4. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
—	2. mgr. 5. gr.
2. mgr. 5. gr.	3. mgr. 5. gr.
3. mgr. 5. gr.	4. mgr. 5. gr.
—	5.–8. mgr. 5. gr.
—	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 6. gr.
1. mgr. 6. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 6. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 6. gr.
a-liður 2. mgr. 6. gr.	a-liður 2. mgr. 6. gr.
b-liður 2. mgr. 6. gr.	—
c-liður 2. mgr. 6. gr.	b-liður 2. mgr. 6. gr.
—	c-liður 2. mgr. 6. gr.
—	3. mgr. 6. gr.
3. mgr. 6. gr.	4. mgr. 6. gr.
4. mgr. 6. gr.	5. mgr. 6. gr.
—	6. mgr. 6. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 7. gr.
2. mgr. 7. gr.	2. mgr. 7. gr.
3. mgr. 7. gr.	—
4. mgr. 7. gr.	3. mgr. 7. gr.
8. gr.	8. gr.
9. gr.	1. mgr. 9. gr.
—	2. mgr. 9. gr.
—	1. og 2. mgr. 10. gr.
10. gr.	11. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 12. gr.
2. mgr. a í 11. gr.	3. mgr. 12. gr.
—	4. mgr. 12. gr.
3. mgr. 11. gr.	—
4. mgr. 11. gr.	5. mgr. 12. gr.
—	13.–16. gr.
12. gr.	1. mgr. 17. gr.
—	2. mgr. 17. gr.
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 18. gr.
2. mgr. 13. gr.	—

Tilskipun 2003/98/EB	Þessi tilskipun
3. mgr. 13. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 18. gr.
—	a- til g-liður 2. mgr. 18. gr.
—	19. gr.
14. gr.	20. gr.
15. gr.	21. gr.
—	I., II. og III. viðauki